

Nd. **1077. Breytingartillaga** [306. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Á eftir 2. grein komi ný grein sem verður 3. grein og orðist þannig:

Í stað þeirrar lækkunar á sköttum innlánsstofnana, sem verður með samþykkt laga þessara, skal koma sérstakt og jafnhátt gjald á þær innlánsstofnanir sem skattalækkunar njóta samkvæmt lögum þessum. Reiknast gjald þetta samkvæmt þeim reglum sem áður giltu um skattlagningu þeirra til ríkissjóðs. Skal gjaldið halda verðgildi sínu og breytast í hlutfalli við breytingu á byggingarvísitölu frá 1. janúar 1984 að telja.

Tekjum af gjaldinu skal varið til dagvistarstofnana á árinu 1984 og framvegis og má það ekki verða til rýrnunar á öðrum fjárveitingum til dagvistarmála. Skal tekjum af gjaldinu úthlutað í réttu hlutfalli við fjárveitingu til einstakra stofnana á fjárlögum hverju sinni.